

**Erindi vegna Hrútmúlavirkjunar - vindorkugarðs að Skáldabúðum**  
**Dagsett 21. mars 2021**

**Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá eigendum og ábúendum á eftirtöldum jörðum sem liggja að Skáldabúðum; Laxárdal 1, Laxárdal 2, Minni-Mástungu, Stóru-Mástungu 1, Mástungu, Steinsholti 1 og Steinsholti 2.**

Í fundargerð hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 20. janúar 2021, kemur fram að þar hafi mætt fulltrúi Gunnbjarnar ehf. ásamt starfsmönnum verkfræðistofunnar EFLU til að kynnna áætlanir Gunnbjarnar ehf. um byggingu allt að 85 mw vindaflysvirkjunar á jörð félagsins í Skáldabúðum.

Á fundinum var lögð fram skýrsla EFLU um tilhögun framkvæmdarinnar sem nefnd hefur verið Hrútmúlavirkjun og fengið númerið R4304A í Rammaáætlun 4. Í inngangi að skýrslu EFLU segir um tilurð þessa verkefnis og aðkomu sveitarstjórnar: *“Kynning var haldin fyrir sveitarstjóra og sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi þann 24. september 2019 þar sem farið var yfir mögulega tilhögun og næstu skref”.*

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 15. apríl 2020 er eftirfarandi bókað: *“Lögð fram umsókn frá Gunnbirni ehf. þar sem óskað er heimildar til að hefja vinnslu við gerð skipulagslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í breytingunni felst skilgreining á hugsanlegum vindorku og virkjanakosti í landi Skáldabúða undir heitinu Hrútmúlavirkjun[ ]. Sveitarstjórn samþykkir að hafin verði vinna við gerð skipulagslýsingar samkvæmt ofangreindu [ ].”*

Þann 10. júní 2020 var síðan lögð fram skýrsla EFLU: *“Vindorkugarður á Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Skipulags- og matslýsing fyrir: Breyting á Aðalskipulagi 2017 – 2029. Deiliskipulag fyrir vindorkulund. 24.04.2020”*, sem afgreidd er af sveitarsjórn með eftirfarandi hætti: *“Sveitarstjórn samþykkir skipulagslýsingu vegna ofangreinds mál til kynningar á grundvelli skipulagslaga nr.123/2010. Leitað verður umsagnar hjá tilheyrandi umsagnaraðilum”.*

Þann 30. september 2020 er síðan lögð fyrir sveitarstjórn umsögn Skipulagsstofnunar vegna framangreindrar skipulagslýsingar. Þar segir m.a.: *“Eins og áður segir liggur ekki fyrir stefna á lands- eða svæðisvísu um vindorkunýtingu, þ.e. við hvaða aðstæður eða á hvers konar svæðum stefnt skuli að nýtingu vindorku eða hún komi til greina. Því er mikilvægt að sveitarfélagið geri grein fyrir þeim skipulagslegu forsendum sem liggja að baki skipulagsákvörðunum um þetta tiltekna verkefni, sbr. framanlagða lýsingu. Í skipulagstillögu þarf að skýra af hverju sveitarfélagið telur þetta ákjósanlega*

*nýtingu og staðsetningu fyrir vindorkunýtingu og hverjar eru helstu áherslur og markmið sveitarstjórnar með breyttri stefnu um landnotkun". Afgreiðsla málsins er síðan með eftirfarandi hætti: "Sveitarstjórn samþykkir að vísa þessari lýsingu til höfundar deiliskipulags og taka tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar".*

Ljóst er að sú framkvæmd sem hér um ræðir mun hafa mikil áhrif á ásýnd og framtíðarmöguleika íbúa á nágrannajörðum. Þrátt fyrir að unnið hafi verið að verkefninu í hátt á annað ár hefur ekkert samráð verið haft við íbúa í nágrenni Skáldabúða frá hendi framkvæmdaaðila eða sveitarstjórnar. Sú mynd blasir við að með framgöngu sinni er sveitarstjórn að setja aðliggjandi jarðir í herkví skipulagsferilsins og framkvæmdaaðila um ófyrirséðan tíma. Verði málinu haldið áfram í þessum farvegi munu ábúendur því knúnir til að verja hendur sínar gagnvart sveitarfélaginu.

Ástæða er til að hnykkja á þeim atriðum sem fram koma í ofangreindu álti Skipulagsstofnunar þar sem segir að ekki liggi fyrir stefna á lands- eða svæðisvísu um vindorkunýtingu.

Þá verður ekki betur séð en að það verklag sem viðhaft hefur verið fram til þessa fari mjög á skjön við það sem lagt er upp með í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, eins og það birtist í kafla 2.3.7.

Þau mannvirki sem hér um ræðir eiga ekkert skylt við það sem hingað til hefur verið reist í sveitum landsins og munu hafa afdrifarík áhrif umhverfi sitt, mannlíf og landslag. Slíkar stefnumarkandi ákvarðanir þarfust því víðtækrar umræðu meðal íbúa og hagsmunaaðila innan sveitarinnar. Að afhenda það verkefni verkfræðistofu sem starfar að verkefninu fyrir framkvæmdaaðila getur því með engu móti talist eðlilegt eða farsælt verklag.

**Í ljósi þess sem að framan greinir, lýsum við eigendur og íbúar jarða í nágrenni Skáldabúða, fullri andstöðu við fyrrgreind áform enda skerða þau mjög hagsmuni okkar og búsetugæði.**

Þá er hér jafnframt skorað á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að stöðva nú þegar þá skipulagsvinnu sem í gangi er vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs í Skáldabúðum uns fyrir liggur stefnumörkun á lands- eða svæðisvísu um vindorkunýtingu og þá jafnframt hvort svo umfangsmikil mannvirki verði heimiluð innan sveitarfélagsins.

Sigríður Björk Gylfadóttir Steinsholti 1  
Sigurður Hoffssan Steinsholti 1

Kari Torkildsen Steinsholti 2

Gunn Óður Malm Steinsholti 2  
Jón Ólafur Jónasson Landvælslu II

Maria Guðný Guðnadóttir Laxárdal II

Kristín Bjarnadóttir Laxárdal 16  
Höfni 66 narsar — II

Jón Marteinn Finnbogason Minni - Mástunga

Karen Óskarsdóttir Minni - Mástunga

Ólga Anneríður Minni - Mástunga

Fimbergifjóhannsson, Minni - Mástunga

Bjarni Misson Stórn - Mástungu I

Actalheitur Finarsdóttir Stórn - Mástungu I

Anya K. Þorunnssdóttir Mástunga

Haukur Heroldsson Mástunga.